

4. gr.

Lánskjaravísitalan breytist skv. 2. og 3. gr. í fyrsta skipti frá janúargildi hennar til febrúargildis 1989.

5. gr.

Seðlabanki Íslands skal birta auglýsingu um lánskjaravísitöluna á grundvelli þessarar reglugerðar, sbr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 3. mgr. 65. gr. laga nr. 13/1979 og öðlast gildi nú þegar.

Viðskiptaráðuneytið, 23. janúar 1989.

Jón Sigurðsson.

Pórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Með heimild í 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., svo og í reglugerð viðskiptaráðuneytisins nr. 18/1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár hefur Seðlabanki Íslands ákveðið að grundvöllur lánskjaravísitölnnar sbr. auglýsingu bankans frá 26. ágúst 1983, verði frá og með 1. janúar 1989 að $\frac{1}{3}$ hluta vísitala framfærslukostnaðar skv. lögum nr. 5 frá 22. mars 1984, að $\frac{1}{3}$ hluta vísitala byggingarkostnaðar skv. lögum nr. 42 frá 30. mars 1987 og að $\frac{1}{3}$ hluta launavísitala, sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985, þar til sett hafa verið sérstök lög um launavísitölu.

Lánskjaravísitalan skv. 2. gr. reglugerðarinnar tengist þeirri, er tók gildi 1. janúar 1989 og kemur að öllu leyti í stað lánskjaravísitölu skv. fyrri grundvelli.

Hinn nýi grundvöllur lánskjaravísitölu ræður breytingu hennar í fyrsta skipti frá janúargildi til febrúargildis 1989.

Fyrri auglýsingar Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o. fl. frá 21. desember 1987 og um heimildir til verðtryggingar sparifjár skv. bráðabirgðalögum nr. 44 frá 31. maí 1988, útg. 10. júní 1988, svo og auglýsing um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá 1. janúar 1989, útg. 27. desember 1988 með gengisvísitölum, gilda jafnframt um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, eftir því sem við á.

Reykjavík, 23. janúar 1989.

Seðlabanki Íslands.

Jóhannes Nordal.

Tómas Árnason.

Auglýsing þessi staðfestist hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 23. janúar 1989.

Jón Sigurðsson.

Pórhallur Ásgeirsson.